



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LÁNFRYÐINGARRÁÐUNEYTIÐ	
Skrif.	70.7.2
Innk.	15. JÚLÍ 2008
Ábm.	116
SLR	08040149

Skagaströnd, 11. júlí 2008.

Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjórn Skagastrandar hefur samþykkt að óska eftir við háttvirtan sjávarútvegsráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 27. júní sl. Vísað er til 2. gr. reglugerðar nr. 605.

1. Að ekki verði tekið tillit til b-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 605 þar sem segir: eru skráðir í viðkomandi byggðarlagi 1. maí 2008.
2. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 50 tonnum til báta með leyfi til innfjarðarækjuveiða í Húnaflóa og hins vegar 90 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.
3. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með leyfi til innfjarðarrækjuveiða (50 tonnum) verði úthlutaðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (90 tonnum) verði hins vega skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðar nr. 605.
4. Að ekki verði tekið tillit til ákvæðis 4. gr. reglugerðar nr. 605 þar sem segir: *Við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir.* Við úthlutun verði hins vegar sú skipting alfarið ráðandi sem tilgreind er í 3. tölulið þessa erindis.




SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Greinargerð:

1. Sveitarstjórn telur tilefni til að ekki verði gerð krafa um að bátar séu skráðir í viðkomandi byggðarlagi 1. maí 2008 á þeirri forsendu að nægjanlegt sé að gera kröfu um lögheimili eða heimilisfang útgerðar. Ástæða þessa er að á Skagaströnd hefur um langt árabil verið rekin útgerð þar sem báturinn Dagrún ST 12 hefur ekki verið skráður á HU númer þótt heimilisfang útgerðar og lögheimili eigenda og starfsmanna sé á Skagaströnd.
2. Sveitarstjórn telur rétt að veita stærri hluta byggðakvóta til þeirra sem hafa þurft að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um 2000. Í ljósi þeirra forsendna sem úthlutun byggðakvóta til Skagastrandar byggir á eru jafnframt forsendur til að stór hluti byggðakvóta verði veittur þeim sem þær veiðar stunduðu og enn gera út frá Skagaströnd. Frá upphafi hefur sveitarstjórn lagt áherslu á að sá skilningur verði lagður í forsendur úthlutunar byggðakvótans að hann rétti af hlut þeirra sem misstu að hluta til forsendur fyrir útgerð sinni þegar innfjarðarrækjuveiðar lögðust af.
3. Með tilliti til þess að sá hluti byggðakvótans sem tengist rækjuveiðum getur ekki tengst með beinum hætti löndun afla síðustu 12 mánuði er lagt til að miða hvorki við aflahlutdeild eða lönduðum afla heldur verði kvótanum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Á hinn bóginn telur sveitarstjórn rétt að um þann hluta byggðakvótans sem úthlutað verði samkvæmt almennri reglu verði viðmið reglugerðar nr. 605 notað og kvóta skipt hlutfallslega eftir lönduðum afla á tímabilinu 1 maí 2007 til 30. apríl 2008.
4. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að setja 15 þorskígildislesta þak á úthlutun sem að öðru leyti hefur verið skilgreind samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum þar sem málefnaleg og viðurkennd sjónarmið ráða skiptingu úthlutunar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skagastrandar,


Magnús Einarsson, sveitarstjóri

